

TILKYNNING ÞESSI OG HVAÐEINA SEM HÉR KEMUR FRAM ER EKKI TIL ÚTGÁFU, BIRTINGAR EÐA DREIFINGAR, HVORKI MEÐ BEINUM NÉ ÓBEINUM HÆTTI, Í HEILD EÐA AÐ HLUTA, FRÁ, INNAN EÐA TIL BANDARÍKJANNA, ÁSTRALÍU, KANADA, JAPAN EÐA SUÐUR-AFRÍKU EÐA HVERRI ÞEIRRI LÖGSÖGU ÞAR SEM HIÐ SAMA TELDIST BROT Á LÖGUM VIÐKOMANDI LÖGSÖGU.

TILKYNNING ÞESSI FELUR EKKI Í SÉR TILBOÐ UM SÖLU NÉ HVATNINGU TIL KAUPA Á VERÐBRÉFUM Í HVAÐA LÖGSÖGU SEM ER, ÞAR MEÐ TALID Í BANDARÍKJUNUM, ÁSTRALÍU, KANADA, JAPAN OG SUÐUR-AFRÍKU. HVORKI TILKYNNING ÞESSI NÉ NOKKUÐ ÞAÐ SEM HÉR KEMUR FRAM SKAPAR GRUNÐVÖLL FYRIR EÐA ER ÞESS EÐLIS AÐ HEIMILT SÉ AÐ REIÐA SIG Á EFNI HENNAR Í TENGLUM VIÐ HVERS KYNS TILBOÐ EÐA AÐRAR SKULDBINDINGAR INNAN HVAÐA LÖGSÖGU SEM ER. SJÁ NÁNAR MIKILVÆGAR UPPLÝSINGAR Í NIÐURLAGI ÞESSARAR TILKYNNINGAR.

BANKASÝSLA RÍKISINS HEFUR SÖLUFERLI Á HLOT RÍKISSJÓÐS Í ÍSLANDBANKA

Reykjavík, 22. mars 2022.

Bankasýsla ríkisins tilkynnir hér með að sett hefur verið af stað sölufarli með tilboðsfyrirkomulagi (e. accelerated book-building process), á þegar útgefnum hlutum í Íslandsbanka hf., („Íslandsbanki“ eða „bankinn“) til innlendra og erlendra hæfra fjárfesta (fagfjárfestar og viðurkenndir gagnaðilar) („viðskiptin“). Bankasýsla ríkisins fyrir hönd íslenska ríkisins býður til sölu að minnsta kosti 20% af útistandandi hlutafé Íslandsbanka sem jafngildir 400 milljón hluta, með möguleika á að stækka útboðið og auka við fjölda seldra hluta.

Citigroup Global Markets Europe AG, fyrirtækjaráðgjöf og verðbréfamiðlun Íslandsbanka og J.P. Morgan SE hafa sameiginlega umsjón með viðskiptunum („umsjónaraðilarnir“). HSBC Continental Europe og Fossar markaðir hf., munu hafa aðkomu að viðskiptunum sem söluráðgjafar. Þá munu ACRO verðbréf hf., Íslensk verðbréf hf., og Landsbankinn jafnframt starfa sem söluaðilar í útboðinu. STJ Advisors Group Limited er ráðgjafi Bankasýslu ríkisins. Lögfræðilegir ráðgjafar Bankasýslu ríkisins eru LOGOS slf. og White & Case LLP.

Verð á hlutabréfum Íslandsbanka var 122 kr. á hlut við lokun markaða í dag, þann 22. mars 2022. Verð á hlut í viðskiptunum verður ákvarðað í tilboðsferlinu.

Ákvörðun um útboðsgengi og endanlegan fjölda seldra hluta verður rökstudd af Bankasýslu ríkisins en endanleg ákvörðun er í höndum fjármála- og efnahagsráðherra. Þessi ákvörðun verður tekin þegar áætlaðar niðurstöður úr sölufarlinu liggja fyrir og að teknu tilliti til meðal annars eftirfarandi þátta, dagslokagengis hlutabréfa Íslandsbanka á aðalmarkaði Nasdaq Iceland, markaðsaðstæðna, eftirspurnar ásamt öðrum þáttum.

Tilkynnt verður um útboðsgengi og endanlegan fjölda seldra hluta í sérstakri tilkynningu.

Gert er ráð fyrir að úthlutun fari fram að viðskiptum loknum og úthlutun hluta til þeirra fjárfesta sem sækjast eftir að taka þátt í viðskiptunum verður ákveðin af Bankasýslu ríkisins í samráði við umsjónaraðilana.



Söfnun tilboða hefst þegar í stað og getur lokið hvenær sem er með skömmum fyrirvara. Gert er ráð fyrir að niðurstöður söluférlisins verði birtar fyrir opnun markaða þann 23. mars 2022 kl. 9:30. Uppgjör viðskiptanna fer fram þann 28. mars 2022.

Bankasýsla ríkisins hefur skuldbundið sig til að selja ekki frekari hlut í bankanum í 90 daga eftir að viðskiptin ganga í gegn, nema (i) með samþykki umsjónaraðila útboðsins, eða (ii) í tengslum við hvers konar endurkaup Íslandsbanka á eigin hlutum á framangreindu tímabili.

Ríkissjóður Íslands á 65% af útistandandi hlutum í Íslandsbanka og fer Bankasýsla ríkisins með eignarhlutina í samræmi við lög nr. 88/2009. Þann 18. mars 2022 heimilaði fjármála- og efnahagsráðherra Bankasýslu ríkisins að selja hluti ríkissjóðs í Íslandsbanka í nokkrum skrefum að höfðu samráði við ráðherra. Heimild þessi er í gildi til loka árs 2023. Áætlað er að hlutur ríkissjóðs í Íslandsbanka fari undir 50% eftir viðskiptin.

Fyrir frekari upplýsingar, vinsamlegast hafið samband við Jón G. Jónsson, forstjóra Bankasýslu ríkisins, í síma +354 550-1701.

Mikilvægar upplýsingar

Almennum fjárfestum stendur ekki til boða að taka þátt í viðskiptunum.

Innan aðildarríkja Evrópska efnahagssvæðisins er þessari tilkynningu, og hverju því útboði sem kann að eiga sér stað í beinu framhaldi af henni, aðeins beint að aðilum sem teljast vera „hæfir fjárfestar“ í skilningi lýsingarreglugerðarinnar. Með „lýsingarreglugerðinni“ er þá átt við reglugerð (ESB) nr. 2017/1129, með síðari breytingum.

Í Bretlandi er þessari tilkynningu, og hverju því útboði sem kann að eiga sér stað í beinu framhaldi af henni, aðeins beint að „hæfum fjárfestum“, eins og það hugtak er skilgreint í bresku lýsingarreglugerðinni, (i) sem hafa faglega þekkingu á málefnum er tengjast fjárfestingum sem falla innan greinar 19(5) fyrirmæla frá 2005 um fjárhagslega kynningu, með síðari breytingum, („fyrirmælin“) eða (ii) sem eru lögpersónur með hátt nettó virði, í skilningi staflíða (a)-(d) greinar 49(2) fyrirmælanna og (iii) sem löglegt er að beina því til (allir slíkir aðilar saman nefndir „viðkomandi aðilar“). Með „bresku lýsingarreglugerðinni“ er þá átt við reglugerð (ESB) nr. 2017/1129, sem er hluti af landslögum Bretlands, sbr. lög um útgöngu úr Evrópusambandinu frá 2018 (e. European Union (Withdrawal) Act 2018).

Öll fjárfesting og fjárfestingarstarfsemi sem tilkynning þessi tengist verður aðeins aðgengileg, og samningar einungis gerðir við, viðkomandi aðila (eins og það hugtak er skilgreint hér að framan). Aðilar sem dreifa tilkynningu þessari þurfa að ganga úr skugga um að slík dreifing samræmist lögum. Aðilar sem eru ekki viðkomandi aðilar ættu ekki að grípa til aðgerða á grundvelli þessarar tilkynningar eða reiða sig á hana eða efni hennar. Tilkynning þessi er einungis ætluð til upplýsingar og felur ekki í sér tilboð eða hvatningu um að kaupa eða skrá sig fyrir, eða á annan hátt fjárfesta í verðbréfum í hverri þeirri lögsögu sem slíkt tilboð eða hvatning kann að teljast vera brot á löggjöf í viðkomandi lögsögu. Hvers konar skortur á hlítingu við þessa takmörkun kann að fela í sér brot gegn verðbréfalöggjöf slíkrar lögsögu.

Dreifing þessarar tilkynningar og sala söluhlutanna í tilteknum lögsögum kann að vera háð takmörkunum samkvæmt lögum. Bankasýsla ríkisins, Íslandsbanki og „umsjónaraðilarnir“ eða aðilar sem þeim tengjast eða umboðsmenn, stjórnarmenn, fulltrúar eða starfsmenn þeirra hafa ekki gripið til nokkurra þeirra aðgerða sem myndi heimila útboð söluhlutanna eða heimila að viðkomandi búi yfir eða dreifi tilkynningu þessari eða hvers kyns öðrum útboðsgögnum sem varða söluhlutina í hverri þeirri lögsögu þar sem aðgerða í þeim tilgangi er krafist. Aðilar sem komast yfir tilkynningu þessa ber að kynna sér og gæta að hverjum slíkum takmörkunum.

Þessi tilkynning, eða einstakir hlutar hennar, felur ekki í sér tilboð eða hvatningu um að kaupa eða skrá sig fyrir, eða á annan hátt fjárfesta í, verðbréfum innan Bandaríkjanna, Ástralíu, Kanada, Japan eða Suður-Afríku eða í neinni þeirri lögsögu þar sem slíkt tilboð eða slík hvatning væri í andstöðu við lög. Ekkert almennt útboð þeirra verðbréfa sem hér er vísað til mun fara fram í nokkurri slíkri lögsögu.

Tilkynning þessi felur ekki í sér opinbert útboð verðbréfa innan Bandaríkjanna. Söluhlutirnir hafa ekki og munu ekki verða skráð samkvæmt bandarísku verðbréfalögum frá 1933, með áorðnum breytingum („verðbréfalögin“) eða samkvæmt verðbréfalöggjöf hvers fylkis eða annarri bandarískri lögsögu, nema á grundvelli undanþágu frá, eða í viðskiptum sem fellur ekki undir, kröfum verðbréfalaganna um skráningu,

og í samræmi við verðbréfalöggjöf hvers fylkis eða annarrar lögsögu Bandaríkjanna. Ekkert almennt útboð söluhlutanna mun fara fram í Bandaríkjunum eða í nokkurri annarri lögsögu.

Umsjónaraðilarnir vinna einungis í þágu Bankasýslu ríkisins og engra annarra að því er varðar viðskiptin, efni þessarar tilkynningar eða önnur atriði sem lýst er í tilkynningunni. Umsjónaraðilarnir munu ekki líta á aðra aðila sem viðskiptavinir sína í tengslum við viðskiptin, efni þessarar tilkynningar eða önnur þau atriði sem lýst er í tilkynningunni og munu ekki bera ábyrgð gagnvart neinum öðrum en Bankasýslu ríkisins til að veita þá vernd sem viðskiptavinir þeirra njóta eða á veitingu ráðgjafar til annarra aðila varðandi viðskiptin, efni þessarar tilkynningar eða þau önnur atriði sem lýst er í þessari tilkynningu.

Í tengslum við viðskiptin kunna umsjónaraðilarnir og aðilar þeim tengdir, sem fjárfestar fyrir þeirra eigin reikning, að kaupa hluta söluhlutanna og kunna jafnframt, í því hlutverki, að halda eftir, kaupa, selja eða bjóðast til að selja fyrir eigin reikning, hluti og önnur verðbréf Íslandsbanka eða tengdra fjárfestinga í tengslum við viðskiptin eða að öðru leyti. Í samræmi við það skal líta svo á að tilvísanir til þess að söluhlutirnir séu boðnir, keyptir, seldir eða að öðru leyti að átt séu viðskipti með þá, feli í sér útgáfu eða tilboð um, eða kaup, sölu eða önnur viðskipti af hálfu umsjónaraðilanna og aðila þeim tengdum í framangreindu hlutverki. Þar að auki kunna umsjónaraðilarnir og aðilar þeim tengdir að gera fjármögnunarsamninga (þar með talið skiptasamninga, áskriftarréttindi eða mismunasamninga) við fjárfesta. Í tengslum við slíka samninga kunna umsjónaraðilarnir og aðilar þeim tengdir að eignast, halda á eða selja hluti. Umsjónaraðilarnir gera ekki ráð fyrir að upplýsa um umfang slíkra fjárfestinga eða viðskipta nema að því marki sem lög eða reglur gera kröfu þar um.

Umsjónaraðilarnir og aðilar þeim tengdir kunna að hafa átt í viðskiptum við, og, eftir atvikum, veitt margvíslega fyrirtækjabankþjónustu, fjárfestingarbankþjónustu eða aðra þjónustu, í hverju tilviki sem lið í hefðbundinni starfsemi þeirra, til Bankasýslu ríkisins, Íslandsbanka og tengdra aðila, sem þeir munu þá hafa þegið hefðbundna þóknun eða umboðslaun fyrir. Umsjónaraðilarnir og tengdir aðilar kunna að veita slíka þjónustu til Bankasýslu ríkisins, Íslandsbanka og/eða tengdra aðila í framtíðinni.